

Morgunblaðið, 05.02.2026, síðu 70.
grein stærð: 1002.98 sm2
grein hæð: 38.62 sm

Fékk nýja sýn á heiminn

„Ég er að fjalla um umhverfismál, loftslagsbreytingar og hvernig við ráðskumst með jörðina,“ segir Katrín Elvarsdóttir um sýningu sína Blómstrandi framtíð í Listasafni Reykjavíkur

VIÐTAL

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is





Morgunblaðið/Eyþór

Í Hafnarhúsi Katrín á sýningu sinni Blómstrandi framtíð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi í nýliðinni viku.

Blómstrandi framtíð nefnist umfangsmikil sýning á verkum Katrínar Elvarsdóttur sem nýverið var opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Á henni beinir hún sjónum sínum og sýningargesta að plöntum sem ferðast hafa milli heimkynna og eru þrjár tegundir í forgrunni, þ.e. kirsuberjatré, bananatré og fenjagreni. „Plöntur sem flust hafa frá átthögum sínum og fest rætur í nýju samhengi“ eins og það er orðað í sýningartexta, og þá í forgrunni tegundir sem „bera með sér langa, marglaga sögu og tengja saman ólíkar heimsálfur“.

Katrín nam myndlist og ljósmyndun í Bandaríkjunum og segir á vef safnsins að ljósmyndaverk hennar einkennist af brotakenndum en jafnframt óræðum frásögnum þar sem sé leikið með hugmyndina um sameiginlega minningasköpun. „Verkin innihalda oft frásagnir af dularfullum atburðum sem áhorfandinn verður óafvitandi hluti af, þar sem ákveðnir hlutir eru sýnilegir en öðru er leyft að liggja á milli hluta, og það sem út af stendur kallast fram í hugskotssjónum áhorfandans. Þannig gerast verkin innan óræðs tíma og sögusviðs, uppfull tilvísana og styðjast við kvikmyndalega aðferðafræði, mjúkan fókus og snarpa notkun ljóss og skugga,“ segir þar.

Plöntur milli heimsálfa

Blaðamaður hitti Katrínu fyrir snemma morguns fyrir opnun safnsins þegar starfsmenn voru þá önnum kafnir við upphengingu verka með sýningarstjóranum Bryndísi Erlu Hjálmarsdóttur áður en sýningin var formlega opnuð. Sýningin er á efri hæð safnsins en á þeirri neðri stendur nú yfir sýningin *Hraunmyndanir* eftir s. ap arkitekta sem var framlag Íslands til 19. alþjóðlegu arkitektasýningar Feneyjatvíæringsins í fyrra.

Það fyrsta sem fangar athygli blaðamanns er hversu falleg verk þetta eru, flest litrík en innbyrðis ólík, enda ólíkum aðferðum beitt af listamanninum og verkin frá ólíkum tímum. „Þetta eru fjórar myndaraðir og þrjár þeirra eru í bók sem ég var að gefa út núna fyrir jól sem heitir sama nafni,“ segir Katrín frá og er bókin til sölu í safninu. „Þetta fjallar um plöntur sem flakka milli heimsálfa, milli heimkynna og það sem við erum að horfa á núna, þar sem allt er fjólublátt, er gróðurhús í Hveragerði sem heitir bananahúsið. Þessi mynd heitir „Hitabeltisnýlendan“ og þarna er ég að búa til einhvern heim sem er í raun ekki til en samt er hann þarna. Það eina sem ég geri er að breyta litunum,“ útskýrir Katrín en umrætt verk má sjá á vef hennar katrinelvarsdottir.com.

Blaðamaður spyr af hverju hún breyti litunum og Katrín reynir að svara því í stuttu máli. „Ég var að ferðast, var í Ástralíu, Kína og Tasmaníu, löndum sem ég hafði aldrei komið til, á árunum fyrir covid. Ég fékk þá áhuga á plöntum og sérstaklega þegar ég sá plöntur, sem ég hafði alist upp við í blómapottum, þar í ofurstærð. Ég fékk nýja sýn á heiminn og þetta var allt annað en ég hafði upplifað áður. Árið 2020, þegar ekki var hægt að ferðast, datt mér í hug hvort væri hægt að gera eitthvað sambærilegt á Íslandi og ég hafði oft verið í Hveragerði á þessu svæði, myndað í gróðurhúsum og í bænum en ég hafði aldrei komið inn í þetta bananahús og ákvað að prófa það. Ég var þarna nokkrum sinnum á ári að mynda og þetta kom út úr því. Ástæðan fyrir því að ég breytti litunum var að myndirnar sem ég hafði tekið af sömu plöntum, á eyju í Kína, í Perluánni, voru teknar við mikla mengun frá verksmiðjum og ljósamengun frá borg. Þetta voru mjög skrítnir litir en samt þessar grænu plöntur, þeim tókst að lifa þarna og dafna. Mér fannst svo áhugavert hvernig þetta blandaðist saman,“ segir Katrín og að þetta sé kveikjan að fagurfræði ljósmyndanna.

Katrín er spurð að því hvort myndirnar séu um leið myndlíking fyrir ástand heimsins og pólitík. „Gæti verið, það má lesa þetta á margan hátt en ég er að fjalla um umhverfismál, loftslagsbreytingar og hvernig við ráðskumst með jörðina,“ segir hún. Titill sýningarinnar er þó jákvæður og það er auðvitað meðvitað hjá listamanninum. En er hún uggandi yfir ástandi heimsins? „Já, ég hugsa stundum um að slökkva á öllum fréttamiðlum,“ svarar Katrín kímin en þó með alvarlegum undirtóni. Hún hafi m.a. unnið verk í Bandaríkjunum og á Grænlandi, löndum sem hafi mikið verið í fréttum á undanförnum vikum vegna meintrar ásælni Bandaríkjaforseta í Grænland.

Fannst í Kína

Katrín segir blaðamanni frá fleiri verkum á sýningunni, m.a. myndaröðinni „50 plöntur fyrir frið“ sem sýnir kirsuberjatré sem Japansk-íslenska félagið gaf Reykjavíkurborg árið 2011 sem tákn um frið milli landanna. Katrín er spurð að því hvort serían sé ósk hennar um frið og svarar hún því játandi. „Þarna er ég líka að leika mér með alls konar aðferðir, hvernig ég set þetta fram. Ég er með japanskan, handgerðan pappír og svo eru polaroid-myndir og svo geri ég ýmsar tilraunir, t.d. með bronsáferð,“ segir Katrín frá og bendir á ólík verk í sýningarsal.

Á kápu bókar sem gefin var út samhliða sýningunni má sjá svarthvíta ljósmynd af býsna merkilegu tré sem á íslensku heitir fenjagreni, á ensku „dawn redwood“. „Það var talið útdautt en svo fannst það í Kína,“ segir Katrín. Bandarískir vísindamenn hafi, á fyrri hluta síðustu aldar, haldið til Kína, safnað fræjum og plantað þeim svo á austur- og vesturströnd Bandaríkjanna. Fyrir algjöra tilviljun hafi slíkt tré verið að finna við götu sem hún bjó í á námsárum sínum í Boston. „Það var beint á móti húsinu sem ég bjó í og þetta er sjaldgæft tré,“ segir Katrín og það sé merkileg tilviljun. Í bókinni má sjá þrjár myndaraðir, allar nema þá sem tekin var á Grænlandi. „Ég er að hugsa um að gera aðra bók og fara aftur til Grænlands í vor og klára það,“ segir Katrín að lokum.

Verk hennar og feril má kynna sér á katrinelvarsdottir.com.



Tré Eitt verka Katrínar á sýningunni sem prýðir einnig sýningarskrá. Sýning hennar er í sölum B og C í Hafnarhúsinu og stendur yfir til 26. apríl.